

✉ Re: Ósk um umsögn, ljósleiðari

Búið til	21.9.2021 15:47:05
Höfundur	Snorri Sigurðsson
Sent	21.9.2021 15:47:04
Tilheyrir	 202109-0002 - Umsókn um framkvæmdaleyfi, Ljósleiðari, Jökuldalur og Jökulsárhlíð

Efni

Re: Ósk um umsögn, ljósleiðari

Upplýsingar

Sent	21.9.2021 15:47:04	Staða	Imported
Eigandi		Tímamörk	
Skjalalykill	42-0 Umsagnir almennt		
Lykilorð			

Vinnsla

Þátttakendur

Frá	Snorri Sigurðsson - NI (Snorri.Sigurdsson@ni.is)
Til	soley.valdimarsdottir@mulathing.is

Innihald

Góðan daginn,

Eftirfarandi er umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands.

Tilvísun í mál nr. 202109-0002 (SS).

Vísað er í tölvupóst dags. 2. september 2021 frá umhverfis- og framkvæmdasviði Sveitarfélagsins Múlapings þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands vegna fyrirhugaðrar framkvæmdar við lagningu ljósleiðara í Jökulsárhlíð og í Jökuldal.

Stefnt er að því að leggja ljósleiðara í jörðu sem verður plægður niður, annars vegar í austurhluta Jökuldals frá Jökulsárbrú upp í Hnefilsdal með viðkomu á bæjum á leiðinni sem og í norðurhluta dalsins frá Hofteigi niður í Selland, og hins vegar í Jökulsárhlíð frá Sellandi út í Ketilsstaði með viðkomu á bæjum á leiðinni. Hluti lagnaleiðinnar í Jökulsárhlíð (frá Fossvöllum að Hallgeirsstöðum) felur í sér samhliða lagningu ljósleiðara og jarðstrengs frá RARIK.

Um langar vegalengdir er að ræða og því ljóst að töluvert stórt svæði verður fyrir raski. Víðast hvar er stefnt að því að leggja ljósleiðarana í eða við vegstæði þjóðveggar eða aðkomuvega að bæjum, en þó ekki alls staðar. Einnig munu ljósleiðarar liggja í gegnum nokkur svæði sem eru á gildandi (C-hluta) náttúruminjaskrár.

Náttúrufræðistofnun leggur alltaf áherslu á að reynt sé að haga framkvæmdum þannig að ekki sé raskað ósnortnu gróðurlendi eða jarðminjum að óþörfu og alls ekki raska náttúruminum með hátt verndargildi.

Í Jökuldal eru eftirfarandi svæði á náttúruminjaskrá:

Gilja- og Hauksstaðahólar (642): *Malarhólar í tveimur aðskildum þyrpingum á utanverðum Jökuldal. Giljahólar taka yfir svæðið milli Garðár og Sandár, innan við bæinn Gil, frá dalbotni upp í um 220 m hæð. Hauksstaðahólar taka yfir svæði framan við Hauksstaðabæinn. (2) Hólarnir eru jökulvatnaset frá ísöld, líklega myndað í kverk milli skriðjökla í Jökuldal og af Fljótsdalshéraði.*

Miðað við uppdrátt sem fylgir framkvæmdaleyfislýsingunni virðist sem ljósleiðarinn sem liggur um Giljahóla verði að öllu leyti í vegstæði Jökuldalsvegs eystri nema þegar hann beygir upp að bænum Giljum en þá fer hann gegnum tún og raskar ekki malarhólum. Tryggja þarf að þessu fyrirkomulagi verði ekki breytt og að ekkert óþarfa rask ná út fyrir núverandi vegstæði sunnan vegar þar sem Giljahólarnir eru.

Svo virðist sem að lega ljósleiðara norðan Jökulár sé ekki eins tengd vegstæði Hringvegarins og allra vestast innan náttúruverndarsvæðisins virðist sem framkvæmdin gæti raskað hluta Hauksstaðahóla. Þessu þyrfti að breyta.

Jökulsárgil (641): *Árgilið frá gömlu brúnni á móts við skólann í Brúarási að Hauksstaðahólum. Auk þess svæði milli gilsins og þjóðveggar nr. 1 að norðaustanverðu og 50 m breið spilda að suðvestanverðu. (2) Hrikalegt, þröngt árgljúfur, víða myndarlegir skessukatlar.*

Einungis örlítt hluti ljósleiðarans liggur inn á svæðið rétt norðan og austan við bæinn Gil og hefur engin áhrif á náttúruminjarnar í Jökulsárgili.

Utan náttúruverndarsvæða í Jökuldal liggur strengurinn að nær öllu leyti í vegstæði Jökuldalsvegs eystri sunnan Jökulár nema á tveimur stöðum þ.e. vestan við Húsá að Mælivöllum þar sem hann á að liggja í gegnum votlendi að hluta (beint vestur af Húsá) en annars yfir mel og lúpínubreiðu nær Mælivöllum (betra væri ef votlendinu væri hlíft og vegstæðinu fyrir norðan það fylgt í staðinn) og svo austan við Gil þar sem hann liggur norðan við veginn að mestu og í gegnum ýmis gróðurlendi þ.m.t. kjarr, mólendi og votlendi. Þar væri einnig betra að fylgja vegstæðinu frekar en að raska gróðurlendi.

Norðanmegin í Jökuldal er áætluð lega ljósleiðarans hins vegar lengst af ekki í vegstæði heldur liggur um ýmis gróðurlendi nær Jökulá alveg frá Hofteigi í vestri að vesturhluta Hauksstaðahóla. Að stórum hluta er um tún eða mela að ræða en t.d. austan við Hofteig er stórt votlendissvæði sem ætti að hlífa fyrir raski og austast er nokkuð um kjarr og graslendi. Náttúrufræðistofnun telur að færa ætti legu jarðstrengs nær vegstæði þjóðvegsins eins og unnt er t.d. austast á svæðinu og forðast skal rask á vistgerðum með hátt verndargildi eins og votlendi og kjarrlendisvistgerðum.

Í Jökulsárhlíð eru eftirfarandi svæði á náttúruminjaskrá:

Sleðbrjótsmelar (640): *Margvíslegar jökulmyndanir frá ísöld. Hólar, hryggir og mörg jökulker, sum hver vatnsfyllt. Einhverjar merkustu jökulminjar á Héraði.*

Verndargildi jarðminja hér felst ekki síst í verndun stærri landslagsforma vegna mikilvægi þeirra í jöklunarsögu landsins.

Innan náttúruverndarsvæðisins fylgir lega ljósleiðarastrengsins ekki vegstæði Hlíðarveggar heldur er vestan við veginn frá Surtstöðum að Breiðumörk, milli hálsa og líklega að stórum hluta í votlendi. Því mun fylgja rask sem er óásættanlegt innan náttúruverndarsvæðis jafnvel þótt jarðminjum verði hlíft. Hér ætti að huga að því að koma ljósleiðaranum fyrir í vegstæðinu

Eylendið í Jökulsárhlíð (639): *Flatlendið milli Fögruhlíðarar og Jökulsár á Brú, frá sjó og inn að Reiðhólskvísl. (2) Lítið spillt votlendi með fjölbreyttum gróðri og fuglalífi.*

Jafnframt er nyrsti hluti framkvæmdasvæðisins í Jökulsárhlíð að stórum hluta innan tillögu Náttúrufræðistofnunar að B-hluta náttúruminjaskrár sem ber heitið Úthérað og er tilnefnt vegna vistgerða, fugla og sela en um það segir á staðreyndasíðu á heimasíðu Náttúrufræðistofnunar: „*Víðlend láglendissvæði á Úthéraði, mjög rík af mýrum, vötnum og tjörnum, ám, fljótum, flæðilandi, áraurum og eyrum. Klapparásar liggja út eftir héraðinu, klæddir mólendi og skógum. Árósar og sjávarsandar. Mjög fjölbreytt land. Fuglalíf er mjög ríkulegt og fjölbreytt.*„

Hér mun ljósleiðari að öllu leyti liggja í vegstæði Hlíðarvegs og Eyjavegs í átt að Hólmatungu og því lítil hætta á að rask verði á votlendi eylendisins.

Utan náttúruverndarsvæða er lega ljósleiðara oft í vegstæði en þó má nefna að norðan við Sleðbrjót er áætlað að strengurinn taki sveig yfir Sleðbrjótsháls og sameinast streng sem liggur í vegstæðinu að Másseli. Sleðbrjótshálsinn er kjarri vaxinn og einnig er votlendi allvíða sem getur raskast. Betra væri að leggja strenginn alveg í vegstæðið Hlíðarvegar að vegamótunum þó það þýði eilítið lengri strengur en með því má forðast rask á ósnortnu gróðurlendi og búsvæðum fugla.

Syðsti hluti framkvæmdasvæðisins í Jökulsárhlíð er þar sem ljósleiðari og rafmagnsstrengur munu liggja samhliða. Þar á svæðinu milli Hallgeirsstaða og Fossvalla virðist sem strengurinn fylgi ekki vegstæði Hlíðarvegar heldur vera fyrir vestan veginn og því liggja um ósnortið gróðursvæði töluverða vegalengd. Þar eru ýmis gróðurlendi m.a. tún en einnig kjarr- og mólendi og einstaka votlendi. Hér ætti að reyna að koma strengnum fyrir nær vegstæðinu til að koma í veg fyrir rask á allstóru svæði.

Bent er á vistgerðakortasjá Náttúrufræðistofnunar (ArcGIS Web Application (ni.is) (<https://vistgerdakort.ni.is/>) til að sjá útbreiðslu einstakra vistgerða.

Virðingarfyllst,

Snorri Sigurðsson

Sviðsstjóri náttúruverndarsviðs / Head of Division, Nature Protection

.....
Náttúrufræðistofnun Íslands / Icelandic Institute of Natural History
Urriðaholtsstræti 6-8, 220 Garðabær.
Sími/Tel: (354) 5 900 500. www.ni.is (<http://www.ni.is/>)



NÁTTÚRUFRAÐISTOFNUN ÍSLANDS

From: "Sóley Valdimarsdóttir" <soley.valdimarsdottir@mulathing.is>
To: "ust@ust.is" <ust@ust.is>; "Móttaka - NI" <Mottaka@ni.is>; "Óðinn Gunnar Óðinsson" <odinn.gunnar.odinsson@mulathing.is>; "Vilhjálmur Jónsson" <vilhjalmur.jonsson@mulathing.is>
CC: "Bogi Karason" <bogi@verkrad.is>
Subject: Ósk um umsögn, ljósleiðari
Date: 2.9.2021 09:37:15

Góðan daginn,

Í samræmi við eftirfarandi bókun umhverfis- og framkvæmdaráðs Múlapings sem samþykkt var á 30. fundi ráðsins 1. september sl. er óskað eftir umsögn vegna fyrirhugaðra framkvæmda við lagningu ljósleiðara í Jökulsárhlíð og Jökuldal.

202107055 - Umhverfis- og framkvæmdaráð Múlaþings - 30 (1.9.2021) - Umsókn um framkvæmdaleyfi, Ljósleiðari, Jökuldalur og Jökulsárhlíð

Fyrir umhverfis- og framkvæmdaráði liggur umsókn um framkvæmdaleyfi frá HEF veitum dagsett 14. júlí 2021 vegna lagningar ljósleiðara í Jökuldal og Jökulsárhlíð.

Eftirfarandi tillaga lögð fram:

Í ljósi þessi að fyrirhuguð framkvæmd fer á nokkrum stöðum fram á svæðum á C-hluta náttúruuminjaskrár samþykkir umhverfis- og framkvæmdaráð, í samræmi við fyrirmæli 3. mgr. 37. gr. laga um náttúruvernd nr. 60/2013, að óska eftir umsögnum frá Umhverfisstofnun, Náttúrufræðistofnun Íslands og heimastjórn Fljótsdalshéraðs (sem náttúruverndarnefnd) vegna umsóknarinnar. Jafnframt bendir ráðið umsækjanda á að leita áhlits Skipulagsstofnunar á því hvort framkvæmdin falli í flokk 10.16 í fyrsta viðauka með lögum um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021 og sé þar með tilkynningarskyld til Skipulagsstofnunar til ákvörðunar um matsskyldu.

Málið er í vinnslu.

Samþykkt samhljóða með handauppréttingu.

Meðfylgjandi er leyfisumsókn framkvæmdaraðila auk tveggja korta sem sýna fyrirhugaða lagnaleið og afstöðu til svæða á náttúruuminjaskrá. Verkefnastjóri, Bogi Kárason, fær einnig þennan tölvupóst og er hægt að óska eftir frekari upplýsingum hjá honum ef þörf þykir.

Umsögnum skal skilað á netfangið soley.valdimarsdottir@mulathing.is (mailto:soley.valdimarsdottir@mulathing.is) eins fljótt og auðið er, helst ekki síðar en 21. september ef hægt er að koma því við.

Bestu kveðjur,



Sóley Valdimarsdóttir

Ritari á umhverfis- og framkvæmdasviði

Sveitarfélagið Múlaþing

(354) 4 700 748

soley.valdimarsdottir@mulathing.is
(mailto:soley.valdimarsdottir@mulathing.is)

www.mulathing.is
(<http://www.mulathing.is/>)

Viðhengi

image001.gif (3 KB)

image002.png (5 KB)